

Nd.

167. Frumvarp til laga

[92. mál]

um happdrætti í sambandi við skuldabréfalán Flugfélags Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 77. löggjafarþingi, 1957.)

1. gr.

Heimilt skal Flugfélagi Íslands að hafa happdrætti í sambandi við útgáfu sérskuldabréfa vegna útboðs skuldabréfaláns, þannig að sérskuldabréfin séu samtímis tölusett sem happdrættismiðar.

2. gr.

Vinningar í happdrættinu verða flugfarseðlar eða afsláttur af farseðlum með flugvélum félagsins og verður dregið um þá árlega í 6 ár í aprilmánuði, í fyrsta sinn í apríl 1958. Verðmæti vinninga í hverjum drætti verða kr. 300000.00. Réttur til vinninga fellur á öll skuldabréf lánsins. Dráttur fer fram hjá borgarfégetanum í Reykjavík.

3. gr.

Falli happdrættisvinningur á sérskuldabréf, skal hans vitjað innan fjögurra ára frá útdrætti, ella fellur réttur til vinnings niður.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Flugfélag Íslands festi á s. l. vori kaup á tveimur nýjum millilandaflugvélum, sem, ásamt nauðsynlegum varahlutum, þjálfun áhafna o. fl., kostuðu um 48 millj. króna. Til þess að úr þessum kaupum gæti orðið, varð félagið að taka tvö erlend lán, annað í Bandaríkjunum að upphæð tæplega 10 milljónir króna, en hitt í Bretlandi að upphæð rúmlega 23 milljónir króna. Ætlunin var, að nokkrar af eldri flugvélum félagsins yrðu seldar til þess að afla fjár til greiðslu lánanna. Viðhorf hafa breytzt að nokkru síðan lánin voru tekin. Markaðsverð gömlu Skymasterflugvélna hefur lækkað verulega, en hins vegar hefur þörfin fyrir þær og Dakotaflugvélnar aukizt vegna aukins innanlandsflugs og aukins leiguflugs milli Danmerkur og Grænlands. Hefur félagið því hug á að halda þessum flugvélum, eftir því sem kostur verður.

Hefur Flugfélag Íslands því hug á að bjóða út skuldabréfalán að upphæð kr. 10 milljónir með því að gefa út 100000 sérskuldabréf, hvert að upphæð kr. 100.00. Allt lánið á að endurgreiða á einum gjalddaga að 6 árum liðnum, og ársvextir verða 5%. Hefur félagið leitað heimildar til þess að láta sérskuldabréfin jafnframt gilda sem happdrættismiða, þannig að vinningar verði flugfarseðlar (eða afsláttur af farseðlum) með flugvélum félagsins. Með hliðsjón af því, að framangreindar fyrirætlanir félagsins eru sérlega þýðingarmiklar fyrir viðgang innanlandsflugsamgangnanna, þykir rétt að verða við þessum óskum.